

ingslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið nokkuð seinfara, en þó ekki svo, að næg ástæða sé til að láta héraðsdómarann sæta ábyrgð fyrir. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að ákærði Markús Einarsson sæti betrunarhúsvinnu í eitt ár. Svo greiði hann og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. ágústmánaðar.

Nr. 19/1901.

Réttvísni

gegn

Hans Sigurbjarnarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 18. marz þ. á., var hinn ákærði, Hans Sigurbjarnarson, dæmdur fyrir brot gegn 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta

5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða stúdentafélaginu í Reykjavík iðgjöld 1 kr. 65 aur., svo og svara öllum sakarkostnaði, þar á meðal 8 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans í héraði, Árna leturgrafara Gíslasonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni ákærða.

Eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, er aðeins spurning um það, hvort ákærði, sem er kominn yfir tvítugt og áður hefir með bæjarþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 10. nóvbr. 1894, verið dæmdur fyrir þjófnað, er hann framdi rúmlega 16 ára gamall, til 10 daga fangelsisrefsingar við venjulegt fangaviðurværi, — hafi nú gerst sekur í því, að stela 1 flösku af Gravesvíni, sem kostaði 1 kr. 65 aur., á danssamkomu í Bárufélagshúsinu kvöldið eða nóttina 30. desember f. á., en fyrir þennan glæp einan er hann dæmdur í aukaréttinum. Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann hafi gert sig sekan í stuld þessum; en skýrsla hans um ýms atvik, er að málinu lúta, hefir verið mjög á reiki og óstöðug og í sumum atriðum reynst röng, enda var ákærði mjög drukkinn á danssamkomunni 30. des. f. á. Að öðru leyti eru atvik málsins þessi: Kvöldið 29. desbr. f. á. hélt stúdentafélagið í Reykjavík samsæti í Bárufélagshúsinu, og að loknu samsætinu fengu forstöðumenn þess húsráðandanum, Otto Þorlákssyni, til geymslu öll þau vínföng af ýmsum tegundum, sem afgangs höfðu orðið, og voru það bæði rínarvín (Graves), portvín, sherry, konjak og romm. Otto Þor-

Váksson tók við vínföngunum, og lét þau upp á hanabjálkaloft (efsta loft) í húsinu, en upp í hanabjálkaloftið má komast gegnum gat í loftinu á herbergi, sem er upp yfir forstofunni í húsinu; laus hleri er fyrir loftsgatinu, en enginn stigi að því. Að morgni 31. desemberm. næst á eftir fór Otto Þorláksson upp á hanabjálkaloftið, og varð hann þess þá viss, að mest öll vínföngin voru horfin, svo að eigi var eftir af þeim nema  $\frac{2}{1}$  fl. af konjaki og  $\frac{1}{2}$  fl. af rauðvíni. En kvöldinu áður, 30. des. hafði Bárufélagið haldið fjölmennan dansleik í félagshúsi sínu, og eru allar líkur til, að fyrgreint vin hafi horfið þá. Það hafði þá eigi verið hægt að loka dyrunum úr forstofunni upp á áður nefnt loftherbergi, vegna þess að hurðin var þrútin, en húsið ný bygt, og gekk því hver sem vildi þangað upp. Á dansleiknum 30. des. var ákærði einn meðal annara; hann var mjög drukkinn þar og sást fara með vínföng, og féll því grunur á hann um, að hann væri valdur að vinhvarfinu. Það er sannað og viðurkent af ákærða, að hann hafi gefið 2 nafngreindum mönnum vín að drekka úr flösku fyrir utan samkomuhúsið, og að hann hafi komið með þá flösku ofan úr loftherberginu. Þegar þeir höfðu tæmt flöskuna, sló ákærði henni við húshornið og braut hana þar. Flöskubrotin fundust um morguninn 31. desbr. þar við húshornið með einkennismíðanum, en eftir honum hafði Graves-vín verið á flöskunni. Ákærði gaf, eftir því sem sannað er og viðurkent, fleiri mönnum að súpa á flösku á dansleiknum, og var

það, eftir því sem hann skýrir frá sjálfur, bæði rauðvín og konjak. Hann þykist nl. hafa farið með ýms vínföng á dansleikinn, nl. portvín, konjak, rauðvín og brennivín, og hafi hann geymt þetta vín uppi á loftherberginu yfir forstofunni, bak við hurðina, en í herberginu hafi verið dimt. Það hafi verið þetta vín, sem hann gaf ýmsum að drekka af á dansleiknum. Um það, hvar og hvenær ákærði hafi fengið vinið og hvernig hann hafi geymt það, þangað til hann fór með það þangað, er skýrsla ákærða nokkuð á reiki, og hefir í sumum atriðum reynst röng. En alt að einu verður eigi forttekið fyrir það, að ákærði hafi haft með sér tilgreind vínföng á dansleikinn, og að hann hafi geymt þau í loftherberginu uppi yfir forstofunni; þá er eigi heldur loku fyrir það skotið, að ákærði hafi í ölæðinu, — en hann varð dauðadrukkin um nóttina — tekið Graves-vínflösku í misgripum fyrir sína flösku, og hafi Graves-vínið þá verið komið ofan í loftherbergið, þar sem ákærði geymdi sitt vín, af völdum einhvers annars manns. Það virðast þannig eigi vera nægileg gögn fyrir hendi til að álita, að ákærði hafi gert sig sekan í þjófnaði þeim, sem hann hefir verið dæmdur fyrir, og ber því að sýkna hann í málinu. Allur kostnaður málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, greiðist af almannafé, þar með talin varnarlaun í héraði 8 kr. samkv. ákvæði aukaréttardómsins, og málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákvedast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði

hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóm-  
inn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Hans Sigurbjarnarson á að  
vera sýkn af ákærum sóknarans í máli þessu.  
Allur kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir  
yfirdómi greiðist úr landssjóði, þar með talin  
málsvarnarlaun í héraði til leturgrafara Árna  
Gíslasonar 8 kr. og málfutningslaun til sækj-  
anda og verjanda við yfirdóminn, málaflut-  
ningsmannanna Odds Gíslasonar og Einaris Bene-  
diktssonar, 10 kr. til hvors.

Nr. 24/1901.

Réttvísín

gegn

Þorsteini Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar,  
uppkveðnum 30. aprílmán. þ. á., var hinn ákærði  
Þorsteinn vinnumaður Guðmundsson í Miðhúsum í  
Reykjavík dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að  
sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt  
alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 230. gr., og til  
að greiða iðgjöld 2kr. til kaupmanns Jóns Þórðar-  
sonar, svo og allan af rekstri málsins og varð-  
haldi hans leiðandi kostnað, þar á meðal máls-  
varnarlaun í héraði til kandidats Péturs Hjalte-